

Reglur um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri (HA)

Samþykktar í háskólaráði 24. nóvember 2016

Vísindasjóður Háskólans á Akureyri hefur það hlutverk að efla rannsóknir og vísindastörf á vegum háskólans. Sjóðurinn skiptist í fjóra undirsjóði. Þeir eru: **Rannsóknasjóður, Ferðasjóður, Starfsskyldusjóður og Útgáfusjóður.**

Stjórn Vísindasjóðs HA úthlutar úr ofangreindum sjóðum í samræmi við eftirfarandi reglur. Fé sjóðsins kemur af fjárveitingum á fjárlögum samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, um hvern sjóð fyrir sig. Háskólaráð getur kveðið sérstaklega á um aðrar leiðir til fjáröflunar og tekið við fjárframlögum einstaklinga, stofnana og fyrirtækja í sjóðinn. Stjórn sjóðsins er óheimilt að veita viðtöku framlögum eða gjöfum í sjóðinn sem bundin eru skilyrðum, nema að fengnu samþykki háskólaráðs.

Í stjórn sjóðsins sitja sex manns, skipaðir af háskólaráði til allt að þriggja ára í senn. Háskólaráð skal gæta þess að í stjórninni sitji ávallt einn fulltrúi prófessora, einn fulltrúi FHA og einn fulltrúi annars starfsfólks úr stjórnsýslu/stoðþjónustu. Heimilt er að endurskipa stjórnina að nokkru eða öllu leyti. Háskólaráð skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og ákveður umsóknarfrest hafi hann ekki verið ákveðinn í viðeigandi úthlutunarreglum.

Stjórnin hefur umsjón með fjárreiðum sjóðsins í umboði háskólaráðs og úthlutar úr ofangreindum sjóðum í samræmi við þær reglur sem um þá gilda. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði. Háskólinn lætur sjóðnum í té vinnu stjórnsýslu rannsókna. Reikningshald vegna sjóðsins er í höndum stjórnsýslu rannsókna og framkvæmdastjóra háskólans.

Stjórn sjóðsins gerir háskólaráði skriflega grein fyrir störfum einu sinni á ári.

1. Rannsóknarsjóður

Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri fer með stjórn Rannsóknarsjóðs Háskólans á Akureyri og úthlutar styrkjum í samræmi við neðangreindar reglur. Senda skal umsókn til stjórnsýslu rannsókna á sérstöku eyðublaði ásamt fylgigögnum sem þar eru talin.

1.1. Fastráðnir kennarar, sérfræðingar og þeir sem áður voru ráðnir ótímabundið við Háskólann á Akureyri geta sótt um fé úr sjóðnum vegna vinnu að ákveðnum verkefnum og til greiðslu annars kostnaðar við rannsóknir í nafni Háskólans á Akureyri. Þeir sem áður voru ráðnir ótímabundið á við um lektora, dósentar og prófessora sem eru á eftirlaunum og voru í föstu starfi við Háskólann á Akureyri. Sérfræðingar skulu hafa rannsóknir að aðalstarfi eða vera á launum af föstum fjárveitingum eða styrkjum til Háskólans á Akureyri. Styrkhæfir eru einnig sérfræðingar stofnana/fyrirtækja sem gert hafa sérstakan samning við Háskólann á Akureyri um aðgang að Rannsóknarsjóðnum.

1.2. Við mat á umsóknum um styrki til verkefna skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi verkefnanna. Ennfremur skal höfð hliðsjón af rannsóknavirkni umsækjenda og rannsóknahagsmunum Háskólans á Akureyri. Stjórn sjóðsins getur leitað til utanaðkomandi aðila eftir faglegri umsögn um umsóknir styrkhæfra umsækjenda telji hún tilefni til þess. Sjóðurinn veitir einnig forstyrki til undirbúnings umsókna í samkeppnissjóði. Styrkþegi skal birta niðurstöður sínar í nafni Háskólans á Akureyri.

1.3. Sæki stjórnarmaður um styrk úr sjóðnum skal hann víkja af fundi við þá úthlutun. Á sama hátt víkur starfsmaður stjórnsýslu rannsókna úr umsýslu ef hann á sjálfur aðild að umsókn. Að öðru leyti gilda almennar reglur um vanhæfi.

1.4. Auglýsing um styrki úr rannsóknarsjóði skal birta á innra vef HA fyrir 1. nóvember ár hvert ásamt leiðbeiningum til umsækjenda um hvað komi til greina að styrkja. Auglýstur er skilafrestur sem eðlilegt er að sé um einn mánuður. Tilgreind sé líkleg hámarksupphæð styrkveitingar hverju sinni. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel reglur um sjóðinn. Aðeins ein umsókn er tekin til greina frá hverjum aðalumsækjanda.

1.5 Mat á umsóknum

- a. Til þess að umsókn teljist styrkhæf verður verkefnið að vera vel skilgreint faglega, vísindalegt gildi verkefnis verður að vera ótvírætt og vandlega rökstutt.
- b. Verkefninu verður að fylgja sundurliðuð kostnaðar- og tímaáætlun.
- c. Sé verkefnið hluti af eða aðdragandi að stærra verkefni þarf það að koma fram sem og umfang, markmið og hugsanleg fjármögnun þess. Nauðsynlegt er að umsækjendur sýni fram á vísindalega hæfni sína og samstarfsaðila sinna, og nægilega góða aðstöðu til þess að leiða fyrirhugað verk. Skilgreind og virk tengsl við önnur rannsóknarverkefni, innlend sem erlend, geta aukið styrkhæfi.
- d. Jákvætt er að verkefnið feli í sér þjálfun ungra vísinda- og tæknimanna, efla innlenda sem alþjóðlega sóknargetu vísindamanna og auki þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda.

- e. Það styrkir umsóknir að sýnt sé fram á að líklegt sé að fyrirhugað viðfangsefni eða verkefni tengd því gefi niðurstöður sem fáist birtar í ritrýndum fræðiritum sem gera strangar kröfur (samkvæmt ISI staðli eða öðrum birtingum sem flokkast sem aflstig), leiði til skráningar einkaleyfis, hugverkaréttinda eða annarrar hagnýtingar. Umsækjendum, sem hafa fengið styrk úr sjóðnum á undanförunum 3 árum til verkefnis sem leiða átti til slíkrar birtingar eða hagnýtingar, ber að skila eintaki af birtu efnis eða sérstakri skýrslu ef það á við til stjórnsýslu rannsókna eigi síðar en við nýja umsókn.

1.6. Úthlutun styrkja

Sjóðsstjórn flokkar umsóknir eftir ofan nefndum atriðum 1)-5) í fimm flokka:

- I. Afburða góðar umsóknir
- II. Mjög góðar umsóknir
- III. Góðar umsóknir
- IV. Sæmilegar umsóknir
- V. Umsóknir með alvarlega formgalla og umsóknir sem falla utan starfssviðs Rannsóknasjóðs.

Að loknu úthlutunarferli sem tekur 20 virka daga fá umsækjendur svar ásamt afriti af umsögn sjóðsstjórnar.

1.7. Til athugunar við gerð umsóknar

Úthlutað er einu sinni á ári og rennur umsóknarfrestur venjulega út 1. desember (sbr. auglýsingu hverju sinni). Umsókn skal senda í tölvupósti á netfang (rannsoknir@unak.is). Til að auðvelda úthlutunarvinnu er þess óskað að nauðsynleg fylgigögn séu aðeins send á tölvutæku formi. Flokkuð ritverkaskrá undanfarandi 5 ára þarf alltaf að fylgja umsókn í sjóðinn. Ekki er nauðsynlegt að umsækjendur sendi heildstæða greinargerð um náms- og starfsferil ef þeir hafa sótt áður til sjóðsins, en þeir þurfa að senda viðbótarupplýsingar eftir því sem við á. Umsækjendum er ráðlagt að kynna sér hverjir eiga rétt til að sækja um fé úr sjóðnum og hvaða kostnaðarþætti sjóðurinn styrkir.

Umsækjendum er bent á að vönduð umsókn eykur líkur á styrkveitingu. Framvinduskýrsla um notkun styrkja úr sjóðnum og um árangur sem náðist á styrktímabilinu þarf að fylgja með umsókn.

Umsækjendur eru beðnir að senda inn framkvæmdaáætlun verkefnisins svo úthlutunarnefndin hafi heildaryfirsýn yfir kostnað og framvindu verkefnisins. Einnig á að senda inn ítarlega verkáætlun fyrir komandi styrkár enda saki þeir aðeins um til eins árs í senn. Greiðslur dreifast á styrktímabilið í samræmi við útlagðan kostnað byggðan á verkáætlun í umsókn. Útlagður kostnaður greiðist út samkvæmt árituðum reikningum. Nauðsynlegt er að umsækjandi greini skilmerkilega frá væntanlegri hlutdeild annarra en Rannsóknasjóðsins í kostnaði við verkefnið, svo unnt sé að meta hversu mikilvægur styrkur úr sjóðnum er í heildarkostnaði og jafnframt sé tryggt að ekki verði veittur styrkur samtímis frá öðrum aðilum til sama kostnaðarþáttar. Tilgreina skal rök fyrir einstökum kostnaðarþáttum og skýra hvers vegna þörf er á styrk til þeirra.

- a. Um styrkhæfi umsækjenda vísast til reglna um Rannsóknasjóð.
- b. Stjórn sjóðsins er heimilt að hafa ákveðið áherslusvið í styrkveitingu og hvetur þá til umsókna á þeim sviðum í auglýsingu eftir umsóknum þegar það á við.
- c. Styrkir eru einkum veittir til eftirfarandi kostnaðarliða:
 - c.1 Laun vegna vinnu aðstoðarmanna við rannsóknarverkefni samkvæmt umsóknum. Styrkhæfur umsækjandi skv. 1. gr. reglna um Rannsóknasjóð getur sótt um laun fyrir vinnu meistara- og doktorsnema í verkefni sem hann stjórnar en nemendur geta ekki sótt um sjálfir.
 - c.2 Annar kostnaður við rannsóknir. Undir þennan lið falla m.a. ýmsar rekstrarvörur, aðkeypt þjónusta, kostnaður vegna birtinga og tölvukostnaður.
 - c.3 Fé til kaupa á tækjabúnaði sem er nauðsynlegur til einstakra rannsóknaverkefna.
 - c.4 Forstyrkur til undirbúnings umsóknar um styrk til rannsóknaverkefnis. Styrkurinn getur m.a. nýst til kaupa á aðstoð við undirbúning umsóknar í samkeppnissjóði eða forrannsóknar sem leiða myndu til umsóknar um styrk til stærra verkefnis.
 - c.5 Skráningarverkefni og/eða gagnagrunnar. Heimilt er að styrkja fræðileg skráningarverkefni og verkefni sem fela í sér fræðilega úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Merkja skal umsóknareyðublað á viðeigandi hátt efst í hægri horni á framhlið. Til að skráningarverkefni séu styrkhæf þurfa þau að byggja á fræðilegum og gagnrýnum forsendum einstakra rannsóknasviða og vera undir stjórn rannsóknafólks sem býr yfir sömu fræðilegu hæfni og reynslu og ætlast er til í öðrum umsóknum. Ein meginforsenda styrkveitinga er að verkefnið sé líklegt til að styrkja og auðvelda háskólarannsóknir á viðkomandi sviði.
 - c.6 Styrkir til ráðstefna Heimilt er að veita styrki til vísindaráðstefna við Háskólann á Akureyri eða ráðstefnu sem háskólinn skipuleggur í samstarfi við aðra.
 - c.7 Styrkir til nýdoktora. Heimilt er að veita styrki til nýdoktora ef fjárráð sjóðsins leyfa. Til nýdoktora teljast þeir sem lokið hafa doktorsverkefni sl. fimm ár. Styrkhæfir eru nýdoktorar sem fjármagnaðir eru af sérstökum styrkjum veittum einstaklingi í samkeppni af viðurkenndum aðila, svo sem frá Rannsóknasjóði vísinda- og tækniráðs eða úr öðrum rannsóknasjóðum, til að leggja stund á rannsóknir við Háskólann á Akureyri eða stofnanir í tengslum við hann. Við mat á umsóknum er litið til gæða verkefnis umsækjanda út frá vísindalegu gildi þess og rannsóknáætlun. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting, frá deild eða stofnun, að umsækjandi njóti fullnægjandi aðstöðu við Háskólann til þeirra rannsókna, sem hann hyggst stunda. Ennfremur er ritvirkni umsækjanda metin og umfang starfa hans við háskólann. Nýdoktor er heimilt að verja styrk til eigin launa eða annars kostnaðar við rannsóknir sínar. Sjóðsstjórnin ákveður hámarksupphæð

styrkja ár hvert og skal upphæð þeirra koma fram í auglýsingu hverju sinni. Umsóknum skal skilað til stjórnsýslu rannsókna á sérstökum eyðublöðum.

- d. Útlagður kostnaður, allt að 85%, er greiddur eftir því sem verkinu miðar, samkvæmt reikningum sem berast frá styrkþega. 15% styrkupphæðarinnar eru greidd þegar lokaskýrslu um verkefnið hefur verið skilað til stjórnsýslu rannsókna. Reikningshald vegna sjóðsins er í höndum stjórnsýslu rannsókna og framkvæmdastjóra háskólans, og er greitt úr sjóðum samkvæmt útgefnum reikningum.

2. Ferðasjóður

Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri fer með stjórn Ferðasjóðs Háskólans á Akureyri og úthlutar styrkjum í samræmi við neðangreindar reglur. Senda skal umsókn til stjórnsýslu rannsókna á sérstöku eyðublaði ásamt fylgigögnum sem þar eru talin.

Háskólaráð samþykkir að leggja til fé í ferðasjóð starfsfólks Háskólans á Akureyri og ákveður árlega þá upphæð sem verja skal til sjóðsins.

2.1. Ferðastyrkur A

Hverjir geta sótt um?

1. Fastráðnir lektorar, dósentar og prófessorar
2. Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn sem ráðnir eru á grundvelli hæfnisdóms á stofnunum Háskólans á Akureyri.
3. Aðrir starfsmenn Háskólans á Akureyri sem fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberra háskóla.

Heimild starfsmanna til styrkja samkvæmt starfshlutfalli

Starfsmenn í störfum sbr. Ferðastyrk A grein 2.1 sem eru í aðalstarfi við Háskólann á Akureyri, með starfshlutfall 50% eða meira njóta styrkja úr Ferðasjóði HA í samræmi við starfshlutfall. Starfsmenn með lægra starfshlutfall njóta ekki styrkja úr Ferðasjóði HA.

2.1.1. Úthlutunarreglur:

Styrkir eru veittir styrkþega til ferða á alþjóðlegar vísindaráðstefnur, til þátttöku í alþjóðlegum vísindalegum verkefnum og til gagnaöflunar vegna rannsókna að uppfylltum eftirfarandi úthlutunarreglum Ferðasjóðs HA:

- a. Til að fá styrk úr Ferðasjóði HA til ferða á alþjóðlegar vísindaráðstefnur þarf viðkomandi að vera með framlag á ráðstefnunni.
- b. Hægt er að sækja um styrk ef tilefni ferðar er að koma af stað rannsóknarsamstarfi. Rökstyðja skal það sérstaklega og lýsa vandlega fyrirhuguðu samstarfi/rannsókn með höfuðáherslu á líklegan ávinning samstarfsins fyrir starf viðkomandi við Háskólann á Akureyri.
- c. Hægt er að sækja um styrk til ferðar til þess að afla nauðsynlegra gagna til rannsókna í bókasöfnum/skjalasöfnum/rannsóknastofnunum í útlöndum, enda sé ekki kostur á að afla þeirra með öðrum hætti. Rökstyðja skal það sérstaklega og lýsa vandlega nauðsyn á fyrirhugaðri gagnaöflun og ástæðum þess að ekki sé unnt að nálgast gögnin með öðrum hætti.
- d. Styrkir úr Ferðasjóði HA skiptast í styrki til greiðslu fargjalda, ráðstefnugjalda og styrki til greiðslu dagpeninga sem eru greiddir samkvæmt reglum HA um greiðslu dagpeninga.

2.1.2. Heimildartímabil

Heimildartímabil er tvö almanaksár. Hámarksstyrkur úr Ferðasjóði HA til hvers umsækjanda getur á hverju heimildartímabili numið 150.000 krónum til greiðslu fargjalda og ráðstefnugjalda. Hámarkslengd einstakra styrktra ferða eru tveir dagar umfram lengd ráðstefnu, þó ekki meira en 7 dagar. Hægt er að skipta styrknum til fleiri en einnar ferðar á hverju heimildartímabili. Hámarksstyrkur miðast við 100% starfshlutfall.

2.2. Ferðastyrkur B

Annað starfsfólk HA sem hefur starfað samfelld í 12 mánuði, í að minnsta kosti 50 % starfi getur sótt um styrk annað hvert ár. Styrkupphæð er 100.000 kr.

2.2.1.Úthlutunarreglur:

Styrkir eru veittir styrkþega til ferða á alþjóðlegar vísindaráðstefnur, til þátttöku í alþjóðlegum vísindalegum verkefnum og til gagnaöflunar vegna rannsókna að uppfylltum eftirfarandi úthlutunarreglum Ferðasjóðs HA.

- a. Til að fá styrk úr Ferðasjóði HA til ferða á alþjóðlegar vísindaráðstefnur þarf viðkomandi að vera með framlag á ráðstefnunni og/eða vera með framlag sem nýtist Háskólanum á Akureyri. Styrkþega ber að skila inn greinargerð um framlagið til stjórnsýslu rannsókna innan tveggja mánaða frá heimkomu.
- b. Hægt er að sækja um styrk ef tilefni ferðar er að koma af stað rannsóknarsamstarfi. Rökstyðja skal það sérstaklega og lýsa vandlega fyrirhuguðu samstarfi/rannsókn með höfuðáherslu á líklegan ávinning samstarfsins fyrir starf viðkomandi við Háskólann á Akureyri.
- c. Enn fremur er hægt að sækja um styrk til ferðar til þess að afla nauðsynlegra gagna til rannsókna í bókasöfnum/skjalasöfnum/rannsóknastofnunum, enda sé ekki kostur að afla þeirra með öðrum hætti. Rökstyðja skal það sérstaklega og lýsa vandlega nauðsyn á fyrirhugaðri gagnaöflun og ástæðum þess að ekki sé unnt að nálgast gögnin með öðrum hætti.
- d. Styrkir úr Ferðasjóði HA skiptast í styrki til greiðslu fargjalda, ráðstefnugjalda og styrki til greiðslu dagpeninga sem eru greiddir samkvæmt reglum HA um greiðslu dagpeninga.

3. Starfsskyldusjóður

Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri fer með stjórn Starfsskyldusjóðs Háskólans á Akureyri og úthlutar styrkjum í samræmi við neðangreindar reglur. Senda skal umsókn til stjórnsýslu rannsókna á sérstöku eyðublaði ásamt fylgigögnum sem þar eru talin.

3.1. Háskólinn á Akureyri starfrækir sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við skólann sem ná árangri í rannsóknum, sbr. reglur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri og 3.4.b. gr. reglna um Starfsskyldusjóðinn eins og þær eru tilgreindar hér fyrir neðan. Háskólaráð ákvarðar ár hvert framlag í sjóðinn við afgreiðslu fjárhagsáætlunar háskólans fyrir komandi ár, í fyrsta sinn fyrir árið 2016.¹ Úthlutun úr sjóðnum rennur til fræðasviða.

3.2. Stjórn Vísindasjóðs HA fer með hlutverk stjórnar sjóðsins. Stjórn sjóðsins ákveður árlega í samræmi við reglur þessar og fjárhagslega stöðu sjóðsins hversu miklu er úthlutað til fræðasviða. Ákvörðun stjórnar skal liggja fyrir um miðjan september og gildir hún fyrir næsta almanaksár.

3.3. Forseti fræðasviðs getur sótt um úthlutun úr sjóði samkvæmt reglum þessum ef hann ákveður að nýta heimild til að færa vinnuskyldu kennara tímabundið frá kennslu til rannsókna vegna árangurs í rannsóknum sbr. 3.4.b.

3.4. Til að kennarar geti sótt um verða þeir að uppfylla annað af eftirfarandi skilyrðum:

- a. *Stigaleið.* Þeir kennarar sem eru með flest rannsóknastig á ári úr tilteknum flokkum matskerfis Háskólans á Akureyri (aflstig), sbr. 1. tl. 2. mgr. 6. gr. reglna um framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 747/2012. Miðað er við þriggja ára meðaltal. Stjórn sjóðsins er heimilt að minnka eða auka kröfur um rannsóknastig í samræmi við fjárhagslega stöðu sjóðsins hverju sinni.
- b. *Tilnefningarleið.* Forseta fræðasviðs er heimilt að gera tillögu um að einstakir kennarar (sem uppfylla ekki skilyrði samkvæmt stigaleiðinni) hljóti tímabundna tilfærslu vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna, sbr. 3. gr. Með hverri slíkri tillögu skal fylgja rökstuðningur frá forseta fræðasviðs í samræmi við neðangreind sjónarmið:
 - a. Kennari hefur hlotið óvenju háa styrki til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
 - b. Rit kennara hafa verið birt í virtustu tímaritum heims eða hjá virtustu forlögum heims á viðkomandi fræðasviði.
 - c. Rannsóknir kennara vekja óvenju mikla athygli.
 - d. Kennari hefur hlotið eftirsótt verðlaun á fræðasviði sínu.
 - e. Kennari hefur sýnt annan afburða árangur í rannsóknum sínum.
 - f. Kennari þarf að verja umtalsverðum tíma í að undirbúa umsókn um styrk úr erlendum samkeppnissjóði.

Umsóknir kennara og/eða tilnefningar forseta fræðasviða skulu berast sjóðnum fyrir 1. apríl eða 1. október ár hvert. Stjórn sjóðsins skal miða við að a.m.k. 80% úthlutunar hverju sinni sé vegna kennara sem uppfylla skilyrði 1. liðar 1. mgr. Miðað er við að hvert fræðasvið fái hlutdeild í heildarúthlutun í samræmi við

¹ Sjá þó bókun 3. í stofnanasamningi FPR og HA dags. 30. júní 2015

summu rannsóknarstiga allra akademískra starfsmanna m.v. síðastliðin þrjú ár, þó þannig að tryggt verði að hvert fræðasvið háskólans fái a.m.k. 1/10 úthlutana ár hvert eftir stigaleið. Við val á kennurum sem fá tilfærslu vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna innan hvers fræðasviðs er síðan byggt á fjölda aflstiga.

3.5. Tilfærsla vinnustunda frá kennslu til rannsókna getur að jafnaði verið fjórðungur kennsluskyldu viðkomandi kennara. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að ákveða annað hlutfall þegar sérstaklega stendur á. Fræðasviði er heimilt að nýta fé sem úthlutað hefur verið í þágu annarra kennara ef svigrúm er til þess. Kennari sem nýtur tilfærslu þarf að kenna meira en sem samsvarar helmingi af veittum kennsluafslætti auk nýrrar kennsluskyldu áður en yfirvinna vegna kennslu myndast.

3.6. Sjóðurinn veitir viðkomandi fræðasviði styrk sem nemur áætluðum meðaltalskostnaði við tilfærslu starfsþátta kennara. Stjórnin ákveður árlega hver skuli teljast meðaltalskostnaður vegna tilfærslu, sem nemur fjórðungi kennsluskyldu.

3.7. Stjórn sjóðsins getur sett sér nánari vinnureglur sem háskólaráð staðfestir.

4. Útgáfusjóður

Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri fer með stjórn Útgáfusjóðs Háskólans á Akureyri og úthlutar styrkjum í samræmi við neðangreindar reglur. Senda skal umsókn til stjórnsýslu rannsókna á sérstöku eyðublaði ásamt fylgigögnum sem þar eru talin.

4.1. Útgáfusjóði er ætlað að styrkja útgáfu rannsókna- og fræðirita sem starfsfólk Háskólans á Akureyri gefur út. Leitast skal sérstaklega við að styrkja verkefni sem efla Háskólann á Akureyri, auka sýnileika hans í samfélaginu eða miðla nýrri þekkingu til almennings eða vísindasamfélagsins.

4.2. Auglýst skal eftir umsóknum um útgáfustyrki tvisvar á ári, fyrir 1. apríl eða 1. október ár hvert, á innri vef háskólans þar skal koma fram heildarupphæð sem til úthlutunar er í hvert skipti og hver styrkur getur aldrei numið hærri upphæð en þriðjung þeirrar heildarupphæðar. Úthlutun skal liggja fyrir tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4.3. Rétt til að sækja um útgáfustyrki hefur fastráðið starfsfólk Háskólans á Akureyri og stofnana hans sem eru höfundar, meðhöfundar eða ritstjórar þeirra rita sem lýst er í styrkumsókninni. Í umsókn skal gera grein fyrir:

- Fræðilegu gildi verksins
- Tengingu við starfsemi HA
- Hvort verkið njóti styrkja eða fyrirgreiðslu frá öðrum aðilum

4.4. Með umsókn þarf að fylgja fullbúið handrit ásamt útgáfu og kostnaðaráætlun sem staðfest hefur verið af Háskólaútgáfunni eða öðru viðurkenndu forlagi.

4.5. Stjórn Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri úthlutar á grundvelli umsókna styrkjum í samræmi við þessar reglur. Umsækjendum skal tilkynnt bréflega um afgreiðslu um sóknar og þar á meðal styrkupphæð og önnur skilyrði varðandi styrkinn. Styrkir verða ekki greiddir út fyrr en viðkomandi rit er fullbúið og út komið.

4.6 Bókfræðilegar upplýsingar sem þurfa að fylgja umsókn

Ritið þarf að fullnægja bókfræðilegum kröfum, vera yfirfarið af starfsmönnum Bókasafns og upplýsingaþjónustu HA og vera merkt Háskólanum á Akureyri með greinilegum hætti.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta útdeilir ISBN (International Standard Book Number) númerum. Hægt er að sækja um ISBN númer með því að senda inn beiðni á netfangið bsha@unak.is, með beiðninni þurfa að fylgja bókfræðilegar upplýsingar um útgáfuna, t.d. titill, höfundur/ritstjóri, útgefandi og hvenær áætlað er að ritið komi út.

Bókfræðilegar upplýsingar sem þurfa að vera til staðar.

Bókfræðilegar upplýsingar á titilsíðu

- Titill
- Höfundar/ritstjórar
- Merki HA

Bókfræðilegar upplýsingar á baksíðu titilsíðu:

- Útgefandi
- Höfundarréttur
- Útgáfuár
- Prentun/dreifing
- ISBN
- Hver styrkir útgáfu bókarinnar – heiti sjóðsins
- Höfundar
- Ritstjórar
- Ritryðnar – ef við á

Baksíða

- Merki HA
- ISBN númer með strikakóða

Kjölur

- Merki HA